
Leiðbeiningarefni

GM006IS

Varðandi:

EU-OPS: Tímabundnar útgáfur flugrekstrarhandbóka

Málsnúmer / code: FMS11060143

Tilvísun í reglugerð: Reglugerð EEC 3922/91 viðbætur III (EU-OPS)
með síðari breytingum / Rg. 1263/2008

Markhópur: Íslenskir flugrekendur í flutningaflugi

Útgáfa: Gildistaka: 15. júlí 2011
Útgáfa nr. 1

Samþykkt dags: 10.07.2011 ICAA – PSP

Tímabundnar breytingar á flugrekstrarhandbókum flugrekenda

Inngangur

Flugrekendur hafa mismunandi aðferðir við útgáfu á tímabundnum breytingum á flugrekstrarbókum. Flestir flugrekendur gefa út breytingar í formi einhverskonar upplýsingabréfa og eru jafnframt með vinnuferli sem lýsir því hvernig staðið er að slíkum breytingum.

Ennfremur eru í gildi hjá flugrekendum mismunandi verklagsreglur um gildistíma slíkra skammtímalausna og í einhverjum tilfellum hafa verið gefin út bréf sem innihalda breytingar á flugrekstrarbókum sem eru ótímabundnar.

Þá eru dæmi um misbrest á að breytingar sem gerðar eru í kjölfar úttekta flugrekstrardeildar Flugmálastjórnar hafi skilað sér að öllu leyti í flugrekstrarhandbækur þegar frávikum hefur verið lokað með upplýsingabréfum eins og lýst er hér framar.

Í reglugerð um flutningaflug nr. 1263/2008 eru ákvæði sem fjalla um innihald flugrekstrarhandbóka. Fram kemur að flugrekendur skuli setja fram verklagsreglur og vinnulýsingar um með hvaða hætti staðið skuli að breytingum á flugrekstrarhandbókum, þ.m.t. tímabundnum breytingum.

Kröfur flugrekstrardeilda Flugmálastjórnar¹

Til þess að koma málum í fastari skorður fer flugrekstrardeild Flugmálastjórnar fram á að flugrekendur geri eftirfarandi breytingar á verklagi og vinnuferlum í tengslum við breytingar á flugrekstrarhandbókum sem lýsa skal í kafla 0.2 í A-hluta flugrekstrarhandbókar.

- Flugrekendur kalli þau bréf sem notuð eru í þeim tilgangi að gera tímabundnar breytingar á flugrekstrarhandbókum „temporary revisions“ (TR).
- Flugrekendur geta gefið út tímabundnar breytingar (TR) með gildistíma í allt að 6 mánuði og skal að þeim tíma liðnum formlegri útgáfu flugrekstrarhandbóka vera lokið.
- Gera skal grein fyrir því hvað er gert við TR, setja fremst í viðeigandi bók eða aðra ásættanlega lausn að mati flugrekstrardeildar Flugmálastjórnar.

Flugrekendur geta að sjálföögðu gefið út eigin upplýsingabréf sem innihalda almennar upplýsingar sem eiga ekki við flugrekstrarhandbækur en að sjálfsögðu þarf eftir sem áður að gera grein fyrir tilvist slíkra kerfa í handbókum flugrekenda. Þessum upplýsingabréfum á að lýsa í 2.2 A-hluta flugrekstrarhandbókar.

Framangreindar breytingar skulu innleiddar í flugrekstrarhandbækur flugrekenda eigi síðar en **1. október 2011**.

¹ Reglugerð nr. 1263/2008 gr. OPS 1.1040(j)